



STS 006: Jafnlaunastefna Hamars

Tilgangur

Skjalið er sett fram í þeim tilgangi að tryggja jöfn réttindi starfsmanna.

Umfang

Jafnlaunastefna lítur að öllum í fyrirtækinu, takmarkast ekki við launakjör og má einnig skilja sem jafnréttisstefnu. Allur annar réttur starfsmanna skal vera í jafnvægi óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

Ábyrgð

Framkvæmdastjóri Hamars ehf. er ábyrgur fyrir Jafnlaunastefnu Hamars og virkni stefnunnar.

Stefna

Hjá Hamri starfa einstaklingar á jafnréttisgrundvelli og ásetur Hamar sér að jafnrétti kynja skili sér í öllum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. Starfsmenn skulu fá jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf. Koma skal í veg fyrir að kynbundinn launamunur sé til staðar eða myndist innan Hamars. Hamar skal fylgja lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 með þeim breytingum sem á þeim kunna að verða.

Aðgerðir

Jafnlaunastefna merkir ekki eingöngu jöfn laun, heldur jöfn tækifæri og réttindi til starfa. Með þessu er átt við að möguleikar starfsmanna innan Hamars skulu metnir eftir verðleikum en ekki kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum, kyntjáningu eða öðrum þeim þáttum sem geta stuðlað að mismunun.

- Ráðningar í laus störf skulu fara eftir sömu skilgreiningum sem og tækifæri starfsmanna á endurmenntun og símenntun.
- Hvetja skal einstaklinga óháð kyni til þess að sækja um störf sem eru auglýst.
- Viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun skulu ekki fela í sér kynjamismunun.
- Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til þess að starfsmenn geti samræmt starfsskyldur og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.
- Koma skal í veg fyrir kynbundið ofbeldi, kynbundið áreiti og kynferðislegt áreiti með öllum ráðum.
- Innleiða skal jafnlaunavottun byggða á jafnlaunastaðlinum ÍST 85.
- Komi fram óútskýrður munur á launum kynja skal leiðrétta þann mun hið fyrsta.
- Jafnlaunastefna skal endurskoðuð árlega hið minnsta.

Framkvæmdarstjóri ber ábyrgð á því að stefnunni sé framfylgt, virkni hennar og endurskoðun.

Tilvísanir

[INN 004: Hugtök og skilgreiningar](#)